

# Vel heppnað Lionsþing í Ólafsvík



Á þriðja hundrað manns komu saman í Snæfellsbæ síðastliðna helgi þegar lionsþing fjölumdæmis 109 var haldið. Var þetta afmælisþing lionshreyfingarinnar þar sem þetta var í 70. sinn sem slíkt þing er haldið. Lionsklúbbur Ólafsvíkur og Lionsklúbburinn Rán sáu um allt utenumhald, skipulag og framkvæmd þingsins og hlutu félagar klúbbanna mikið lof fyrir vel heppnað þing. Skólar verðandi embættismanni fóru fram í starfsstöð Grunnskóla Snæfellsbæjar í Ólafsvík á föstudeginum,

um, um hádegi var skruðganga þátttakenda á þinginu og svo var þingið formlega sett. Á föstudagskvöldið var boðið til kynningar- kvölds í verðbúð Guðmundar Jenssonar þar sem hljómsveitin Parma lék fyrir dansi. Á laugardeg- inum var fjölumdæmisþinginu framhaldið, makar lionsfélaga fóru í skemmtiferð í kringum Snæfellsjökul með stoppi í Þjóð- garðsmiðstöðinni á Hellissandi og Stóra Kambi. Þinginu var svo lokað með lokahófi í félagsheim- ilinu Klifi á laugardagskvöldið

með borðhaldi, skemmtiatriðum og balli með hljómsveitinni Festi- val. Jón Kristinn Ásmundsson og Katrín Hjartardóttir ásamt sérlegu aðstoðarfólki sáu til þess að all- ir væru vel nærðir og sælir eftir

helgina. Lionsfélagar skiptu sér í nefndir og sáu þannig til þess að helgin færi hnökralaust fram en svo er víst að með góðu fólki verða stór verkefni auðveld.

SJ

## Björgin til bjargar



Morguninn 22. apríl fékk björgunarskipið Björg útkall vegna fiskibáts sem misst hafði vélarafi suður af Snæfellsnesi, skammt vestur af Lanbrotavík. Kallið kom um 9:30 og fór Björgin af stað frá Rífi auk þess sem björgunarskipið Jón Gunn- laugsson lagði af stað frá Akra- nesí. Engin hættu var á ferð en tveir skipverjar voru um borð sem höfðu kastað út ankeri.

Tveimur og hálfri klukkustund eftir að útkallið barst var Björgin komin að bátnum og dró hún bátinn suður, til hafnar á Akra- nesí. Um klukkustund síðar mættust björgunarskipin Björg og Jón Gunnlaugsson þar sem Jón tók við drættinum áfram til Akraness og Björgin hélt aftur til heimahafnar.

SJ

### Letisund 3, Rífi.

Eigum enn tvö bil til sölu. Getum útvegað 100% lán.



Áhugasamir talið við Kristján Guðmundsson í þjónustustofunni S: 896-3867 eða með tölvupóst á: [vegr@vegr.is](mailto:vegr@vegr.is)

# Nýjar árar fyrir Sjómannadagsráð

Sjómannadagsráð Ólafsvíkur fékk í síðustu viku stóran trékassa sendan frá Færeyjum nánar tiltekið frá bænum Gøtu sem er á Austurey. Í kassanum voru 14 árar sem voru smíðaðar og verða þær notaðar til að róa kappróðrabátunum á Sjómannadaginn sem verður haldinn í Ólafsvík að þessu sinni. Árarnar sem eru alveg listasmíði eru gerðar af „bátabyggjaranum“ John Høgnesen.

Það var búið að leita mikið á Íslandi af smíð sem gæti tekið að sér svona verkefni en það fannst enginn.

Þá var leitað til okkar góða vinar Birgi W Høgnesen í Vestmanna í Færeyjum og hann gekk í málið og fékk John í Gøtu til að gera þær.

PSJ



## Óskum eftir:

Öllum tegundum fasteigna á söluskrá.  
Áratuga reynsla og traustir vinnuferlar.

Hringdu ef þú ert í söluhugleiðingum.

Áratuga reynsla mín og  
ágæti minna samstarfsmanna  
getur hentað þér við verðmöt,  
kaup og sölu fasteigna.



**Bogi**  
Löggiltur fasteignasali  
**6993444**  
Molby@fastlind.is

**LIND**  
FASTEIGNASALA



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ


Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

# Hafkaup

www.hafkaup.is - Sími: 895-5525

## Hvolpar heimsóttu Jaðar



heimsókn. Hvolpar frá ræktuninni Kambs hundar fóru í umhverfisþjálfun á Jaðar og fengu íbúar að njóta góðs af. Hvolparnir vöktu mikla gleði enda fátt sem vekur kátinu eins og litlir hvolpar. Íbúar fengu að halda á hvolpunum og dekra við þá á meðan heimsókninni stóð. Hvolparnir eru úr 9 hvolpa goti en þeir komu í heiminn þann 10. mars síðastliðinn.

Á sumardaginn fyrsta fengu íbúar á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Jaðri krúttlega

JJ



# Sumarstörf

Fjölbreytt og uppbyggileg sumarstörf fyrir ungmenni hjá Snæfellsbæ.

Snæfellsbær leitar að drifandi einstaklingum 18 ára og eldri til starfa við fjölbreytta og skemmtilega útivinnu í sumar sem hefur það að leiðarljósi að fegra umhverfi Snæfellsbæjar. Um er að ræða hvort tveggja almenna útivinnu við Áhaldahús Snæfellsbæjar og flokkstjórn vinnuskólahópa.

## Almennar kröfur fyrir sumurvinnu:

- 100% störf í þrjá mánuði, frá 15. maí 2025.
- Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri.
- Umsækjendur þurfa að vera duglegir, áhugasamir um útivinnu, tóbakslausir, sjálfstæðir og góðar fyrirmyndir.
- Þekking á staðháttum í sveitarfélaginu er æskileg.

## Umfram kröfur vegna flokkstjóra:

- Umsækjendur þurfa að vera færir um að stýra vinnuskólahópi og hafa áhuga á að vinna með og fræða ungmenni.
- Góð færni í íslensku.

## Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til 7. maí 2025.

Ekki er tekið við umsóknum að umsóknarfresti liðnum. Umsóknir berist í gegnum ráðningarvef Snæfellsbæjar á [snb.is](http://snb.is).



# Plokkað á Snæfellsnesi



Stóri plokkgdagurinn var haldinn um land allt síðastliðinn sunnudaginn, 27. apríl. Fjöl-margir landsmenn tóku þátt í hreinsunarstarfi og tóku sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki sig mörg til og efndu til viðburðar í til-efni dagsins. Snæfellsjökulsþjóðgarður í samstarfi við Búðarkirkju hvatti fólk til að koma saman og

týna rusl úr friðlandinu á Búð-um. Hópur sjálfboðaliða slóst í för með starfsfólki þjóðgarðsins við hreinsunina og sagði Ragnhildur Sigurðardóttir, nýr þjóðgarðs-vörður, sögur á meðan plokkinu stóð. Hótel Búðir bauð svo dug-lega fólkinu upp á heita drykki að göngunni lokinni. Í Grundar-firði hittist hópur fólks í Þríhyrn-

ingnum, skipti sér í nokkra hópa og gekk svo um Grundarfjörð og plokkaði rusl. Eftir að hafa sinnt hreinsunarstarfi í tvær klukku-stundir bauð Kvenfélagið Gley mér ei plokkurum upp á góm-sæta næringu að loknu góðu dags-verki. En þrátt fyrir að Stóri plokkgdagurinn sé búinn er hreinsunar-

starfinu hvergi nærri lokið og íbú-ar hvattir til að halda áfram að fegra umhverfi sitt eftir veturinn. Víða sést fólk nýta göngutúra í að plokka, börn á leikskólunum og nemendur í skólum taka þátt í að losa rusl af götum bæjarins og all-ir virðast hafa gaman af.

SJ

## Rauða fjöðrin til styrktar Píeta

Í byrjun apríl fór fram sala á Rauðu fjöðrinni um land allt. Ágóðinn af sölnunni í ár rennur til starfsemi Píetasamtakanna en þau sinna forvarnar-, fræðslu- og meðferðarstarfi gegn sjálfs-vígum og sjálfsskaða og styðja við aðstandendur. Konur í Lions-klúbbnum Rán stóðu vaktina í Versluninni Kassanum og Apó-teki Vesturlands í Ólafsvík dag-ana 3. og 4. apríl og fengu þar góðar móttökur. Ránarkonur seldu þar 120 Rauðar fjaðrir, klúbburinn lagði svo til mótis við seldar fjaðrir svo að endingu runnu 470.000 krónur frá Ólafsvík til Píetasamtakanna. Á Lions-þinginu sem haldið var í Snæ-fellsbæ síðastliðna helgi var af-rakstur söfnunarinnar á lands-vísu afhentur Ellen Calmon, framkvæmdastjóra Píetasam-takanna, en alls söfnuðust 33,5 milljónir króna fyrir málefnið.

SJ



## Garðsláttur eldri borgara og öryrkja í Snæfellsbæ

Vakin er athygli á breytingum á reglum um garðslátt fyrir eldri borgara (70+ ára) og öryrkja í Snæfellsbæ.

Breytingin felst í því að nú verður að sækja um garðslátt fyrir hvert sumar. Ekki verður slegið nema umsókn liggi fyrir hverju sinni.

Umsóknir um garðslátt berist í gegnum rafræna þjónustugátt á heimasíðu Snæfellsbæjar eða með tölvupósti á netfangið [snb@snb.is](mailto:snb@snb.is).

Samþykkt í bæjarstjórn 10. apríl 2025.





Er allt klárt í strandveiðina?

Við eigum allt sem þú þarfnast til strandveiða.  
Hjá okkur færðu handfærakróka í úrvali,  
handfæravindur, tilbúna handfæraslóða,  
sökur, sigurnagla, sjóklæðnað og stígvél.

# HAMPIÐJAN

[hampidjan.is/verslun](http://hampidjan.is/verslun) · <https://vefverslun.hampidjan.is>

#### Reykjavík

Skarfagarðar 4  
Sími 530 3333

#### Ólafsvík

Ólafsbraut 19  
Sími 436 1214

#### Ísafjörður

Suðurtangi 14  
Sími 470 0830

#### Akureyri

Norðurtangi 1  
Sími 841 1322

#### Neskaupstaður

Naustahvammur 49  
Sími 470 0807

#### Vestmannaeyjar

Friðarhöfn  
Sími 664 3340

## Námskeið hjá Lífsbjörgu

Félagar úr Björgunarsveitinni Lífsbjörgu í Snæfellsbæ og Björgunarsveitinni Klakk úr Grundarfirði sátu námskeið í Björgunarsstöðinni Von á Rífi síðastliðna helgi. Um var að ræða fyrstu hjálpar námskeið á vegum Björgunarskóla Slysavarnarfélagsins Landsbjargar. 10 félagar sátu námskeiðið, þar af níu frá Lífsbjörgu og einn frá Klakki. Nauðsynlegt er fyrir viðbragðsaðila að vera í sífældri endurmenntun og upprifjun á lykilatriðum sem gagnast við aðkomu þeirra á slyssað og er fyrsta hjálp engin undantekning þar sem skyndihjálp er mikill þekkingar máttur sem gæti bjargað mannlífum. Félagar björgunarsveitanna eru áhugasamir að læra, rífa upp og endurmennta sig og er það ein af ástæð-



unum fyrir því að svæðið býr að svo öflugum sveitum. Meðfylgjandi myndir eru frá björgunarsveitinni Lífsbjörgu af umræddu námskeiði.

SJ

## Jökull á Issuu



Til að nálgast Jökul á netinu er hægt að skanna QR merkið hér að ofan með myndavélinni í símanum.

 Jökull Bæjarblað  
 [steinprent@simnet.is](mailto:steinprent@simnet.is)  
 436 1617

# Safnskipið Óðinn til Ólafsvíkur

## Karlarnir og vinnan um borð

Það er fyrir áhuga og sjálfböðavinnu sem safnskipið Óðni er við haldið og því siglt. Sjálfböðavinnan er sá hvati sem fær fyrirtæki og aðra aðila til að leggja lið með ýmsum hætti. Þetta er verk sem aldrei lýkur, því tímans tönn nagar svona skip niður á við þrjá menn í fullu starfi, eða að það þarf þrjá menn í fullu starfi til að halda í horfinu. Brunaviðvörðunarkerfið var orðið ónýtt, loftskeytamennirnir skiptu meðal annars um alla reykskynjara og kunningi okkar hjá þjónustuaðila skipti um móðurstöðina. Drjúg vinna var í köplum og loftnetum sem góðu heilli voru ekki fjarlægð eftir að skipinu var lagt árið 2006. Vikulega þarf að þrifa skipið og skúra hátt og lagt. Vélstjórnarnir eru kjarninn og frumkvöðlarnir í sjálfböðaliðahópnum, þar er af nógu að taka. Eldsneytisælur og spíssar aðalvéla þurfa stöðuga umsýslu, aðalvélum þarf að tórna regulega og gangsetja ljósavélar. Stöðugt þarf að huga að lögnum sem vilja leka, rafkerfið, ljós ofl. þarf einnig sitt stöðuga viðhald. Af stærri verkum mætti nefna tankahreinsanir sem góður maður hefur hjálpað til við. S.l. haust kom í ljós að sogrör að lensidælu var ryðbrunnið. Það var ekki auðhlaupið fyrir menn á þessum aldri að ná rörinu frá í röraflækju í olíudrullu á tanktoppi undir plittum, en það tókst og nýtt rör var smíð-



Búi Steinn Jóhannsson frá Kverná með kúbeinið, Halldór Olesen með hjólsögina og Valur kristjánsson að rífa timbríð af afturdekkinu.

að, sem okkar menn komu svo fyrir aftur. Öll trédekkinn sem orðin eru 65 ára gömul, eru orðin léleg. S.l. haust var einnig ráðist í það að rífa plankana af afturdekkinu, það var mikil vinna. Þegar henni var lokið voru fengnir verktakar til að skola dekkið með 3.200 bara vatnsþrýstingi og þá tóku hásetarnir við grunnuðu og máluðu dekkið. Hásetarnir sjá um dekkviðhald og á sumrin um málningu yfirbyggingar og utanskips eins og kostur er. Sjálfböðaliðarnir koma reglulega saman á hverjum mánu-

dagsmorgni og vinna a.m.k. til hádegis, þegar grautur er á borðum. En flesta daga vikunnar er einhver um borð að sinna einhverju, þó ekki sé þar annað en þrif og eft-

irlit. Sjóminjasafnið í Reykjavík sér um að sýna skipið almenningi daglega kl. 13:00, 14:00 og 15:00.

Egill Þórðarson



Mánudagsgrauturinn f.v. Ingólfur Kristmundsson, Birgir Óskarsson, Baldur Gylfason, síðan sést í höfuðið á Leifi Ólafssyni handan borðsins og næst er Halldór Olesen.

## Víkingur Ó bætir við sig leikmönnum

Víkingur Ó. heldur áfram að næla sér í liðsstyrk fyrir sumaríð en liði hefur nú samið við tvo leikmenn sem koma til með að bæta í hópinn. Kwame Quee er annar þeirra en hann lék með Víking Ó. árin 2017 og 2018. Þaðan fór hann til Breiðabliks og síðar til Víkings R og varð

þæði Íslands og bikarmeistari. Í fyrra lék hann með Grindavík í lengjudeildinni en mun snúa aftur til Ólafsvíkur í sumar. Luke Williams hefur einnig samið við liðið en hefur leikið með liðinu síðan 2022. Hann hefur spilaði 44 leiki fyrir félagið og skorað 18 mörk.

JJ



FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



**Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímappantanir í síma 436-1111

## Launafólk athugið ORLOFSUPPBÓT 2025

Minum félagsmenn á rétt sinn á að fá greidda orlofsuppbót/persónuuppbót, en það er föst fjárhæð sem atvinnurekendur er skyld að greiða starfsfólki sínu ár hvert.

**Starfsfólk á almennum vinnumarkaði:**

60.000 kr. miðað við fullt starf og greiðist 1. júní.

**Starfsfólk hjá ríkinu:**

60.000 kr. miðað við fullt starf og greiðist 1. júní.

**Starfsfólk sveitarfélaga:**

59.500 kr. miðað við fullt starf og greiðist 1. maí.



## Herrakvöld Víkings

Laugardaginn 26. apríl fór herrakvöld Víkings fram á Sker. Þar kom fjöldi karlmannna saman til að skemmta sér og styðja við bakið á félaginu. Veislustjórar kvöldsins voru Gunnar Birgisson og Tommi Steindórs, Ólafur Adolfsson var ræðumaður kvöldsins og naut og bernaist að hætti Lilju á Sker var á boðstólnum. Þá var veglegt happadrætti með fjölda

vinninga og uppboð á glæsilegum málverkum eftir Vigdísí Bjarnadóttur, Bjarna Þór Pétursson og Tolla sem heppnaðist mjög vel. Jóhann Pétursson, Styrmir Páll Sigurðsson, Örvar Ólafsson og Fannar Hilmarsson sáu um að undirbúa kvöldið og var þetta virkilega góð leið fyrir knattspyrnudeildina og stuðningsmenn til að koma saman og setja tóninn fyrir komandi tímabil. Það er von aðstandenda liðsins að stemningin sem skapaðist síðastliðið laugardags-

kvöld fylgi liðinu á leiki í sumar, bæði á heimavelli og á útileikjum.

SJ



Sími: 430 3700  
[www.fmis.is](http://www.fmis.is)





# Vinnuskóli

Snæfellsbær óskar eftir umsóknum um störf í skemmtilegri og lærdómsríkri sumarvinnu við vinnuskóla Snæfellsbæjar sumarið 2025.

Vinnuskólinn verður starfræktur í heildina í sex vikur og er fyrir nemendur í 8. - 10. bekk og unglinga fædda árið 2008.

## Starfstímabil:

- Nemendur úr 8. bekk starfa í fjórar vikur, frá 11. júní - 9. júlí.
- Nemendur úr 9. og 10. bekk starfa í sex vikur, frá 11. júní - 23. júlí.
- Unglingar fæddir árið 2008 starfa frá 19. maí - 30. júní.

Nánari upplýsingar um vinnuskóla má nálgast á upplýsingasíðu um vinnuskóla á heimasíðu Snæfellsbæjar.

Umsóknarfrestur fyrir árgang 2008 er **til og með 14. maí.**

Umsóknarfrestur fyrir nemendur úr 8. - 10. bekk er **til og með 30. maí.**

Umsóknir berist í gegnum þjónustugátt Snæfellsbæjar á snb.is.

Umsóknir sem berast í tölvupósti eða með öðrum hætti eru ekki teknar gildar. Ekki er tekið við umsóknum að umsóknarfresti liðnum.

